

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2015

2016/EES/69/09

frá 11. júní 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/327 frá 2. mars 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar kröfur um setningu á markað og skilyrði fyrir notkun aukefna úr efnablöndum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 0327:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/327 frá 2. mars 2015 (Stjtið. ESB L 58, 3.3.2015, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/327, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2015, bls. 46.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.